

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Hibitane skeiðarkrem

klórhexidín glúkónat

#### **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

#### **Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Hibitane og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Hibitane
3. Hvernig nota á Hibitane
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Hibitane
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### **1. Upplýsingar um Hibitane og við hverju það er notað**

Klórhexidín er sýkladrepandi lyf og verkar bæði gegn gram-jákvæðum og gram-neikvæðum bakteríum. Það er einnig virkt gegn ýmsum sveppategundum.

Lyfið er notað af læknum og hjúkrunarfræðingum til að koma í veg fyrir sýkingu og sem mykjandi áburður við barnsfæðingar og við legskoðanir.

#### **2. Áður en byrjað er að nota Hibitane**

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

#### **Ekki má nota Hibitane**

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir klórhexidíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- Klórhexidín má ekki berast í djúpa skurði á höfði eða mænu eða í miðeyra.

#### **Varnaðarorð og varúðarreglur**

Leitið ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en Hibitane er notað.

- Varist að bera Hibitane skeiðarkremið í augu og eyru. Ef skeiðarkremið berst í augu verður að þvo þau vandlega með vatni. Ef það berst í eyru, fjarlæggðu það varlega með eyrnaphinna.
- Ef Hibitane berst í föt og notaður er klór til að ná því úr myndast brúnir blettir.
- Ef Hibitane er blandað saman við sápu eða hreingerningarlög missir skeiðarkremið verkun sína.

#### **Notkun annarra lyfja samhliða Hibitane**

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

## **Meðganga og brjóstagjöf**

Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi ádur en lyfið er notað. Notkun á meðgöngu og við fæðingar er talin hættulaus. Klórhexidín kemst yfir í brjóstamjólk en áhrif á barnið eru ólíkleg ef réttir meðferðarskammtar eru notaðir.

## **Akstur og notkun véla**

Hibitane hefur engin eða óveruleg áhif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

## **Hibitane inniheldur cetósterýlalkóhól**

Hibitane inniheldur cetósterýlalkóhól sem getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertihúðbólgu).

## **Hibitane inniheldur ilmefni með d-límónen, línalól, kúmarín og sítral.**

D-límónen, línalól, kúmarín og sítral geta valdið ofnæmisviðbrögðum

### **3. Hvernig nota á Hibitane**

Hibitane skeiðarkrem er eingöngu ætlað til notkunar á húð og slímhúð.

Læknar eða hjúkrunarfraðingar sjá um notkun Hibitane skeiðarkrems.

Læknir eða hjúkrunarfraðingur nota skeiðarkremið í kringum fæðingarveg. Einnig er skeiðarkremið notað utan á hanska og tæki.

### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

### **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Eftirfarandi aukaverkanir geta komið fram:

*Algengar (>1/100):*

- húðertingu fyrst eftir notkun.

*Mjög sjaldgæfar (<1/1.000)*

- Ofnæmi
- Augnerting
- Heyrnartap

Klórhexidín getur valdið heyrnarskaða ef það kemst inn í miðeyra. Snerting við augu getur valdið sviða. Bráðaofnæmi getur komið fyrir en slík viðbrögð eru mjög fátið.

### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækninn, eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## **5. Hvernig geyma á Hibitane**

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið við lægri hita en 25°C.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum.  
Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar**

### **Hibitane inniheldur**

- Virka innihaldsefnið er klórhexidínglúkónat.
- Önnur innihaldsefni eru paraffínolía, ísóprópanólum, hvítt vaselín, cetósterýlalkóhól, cetóserýlalkóhól/etýlenoxíð, línalyl acetat, hreinsað vatn.
- Lyfið inniheldur cetósterýlalkóhól og ilmefni með d-límónen, línalól, kúmarín og sítral sem geta valdið ofnæmisviðbrögðum (sjá kafla 2 Áður en byrjað er að nota Hibitane).

### **Lýsing á útliti Hibitane og pakkningastærðir**

Plastflaska, 250 ml

### **Markaðsleyfishafi og framleiðandi**

Bioglan AB  
Box 503 10  
202 13 Malmö  
Svíþjóð.

### **Umboð á Íslandi**

Icepharma hf.  
Lyngálsí 13  
110 Reykjavík

**Pessi fylgiseðill var síðast uppfærður í ágúst 2023.**

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar (<http://www.serlyfjaskra.is>).